

Sparisjóður Bolungarvíkur

Tilkynning um afkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

Lykiltölur í millj. kr.

	30.06. 2007	30.06. 2006	Breyting	30.06. 2005	30.06. 2004	30.06. 2003
Rekstrarreikningur:						
Vaxtatekjur	285	303	(6,0%)	185	187	188
Vaxtagjöld	226	220	2,7%	114	103	119
Hreinar vaxtatekjur	59	83	(29,0%)	71	64	69
Aðrar rekstrartekjur	336	119	182,3%	118	97	80
Hreinar rekstrartekjur	395	202	95,0%	189	161	149
Önnur rekstrargjöld	92	77	19,7%	83	69	68
Framlag í afskriftareikning útlána	26	53	(51,2%)	31	55	23
Hagnaður fyrir skatta	277	72	282,1%	76	37	57
Tekjuskattur	(46)	(11)	353,3%	(9)	(7)	(11)
Hagnaður ársins	231	62	273,0%	67	30	46

	30.06. 2007	31.12. 2006		31.12. 2005	31.12. 2004	31.12. 2003
Efnahagsreikningur:						
Eignir:						
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	248	831	(70,1%)	876	997	1.847
Útlán	3.502	3.453	1,4%	2.856	2.675	2.393
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	3.036	2.194	38,4%	1.910	1.433	1.156
Aðrar eignir	254	251	1,2%	82	92	99
Eignir samtals	7.039	6.729	4,6%	5.726	5.198	5.497

Skuldir og eigið fé:						
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	1.027	1.302	(21,1%)	1.151	819	1.047
Innlán	3.486	3.164	10,2%	2.377	2.316	2.353
Lántaka	642	624	2,8%	995	939	1.132
Aðrar skuldir	420	374	12,3%	276	323	226
Eigið fé	1.464	1.265	15,7%	936	801	737
Skuldir og eigið fé samtals	7.039	6.729	4,6%	5.726	5.198	5.497

Eiginfjárhlutfall skv. CAD	20,7%	24,3%		22,7%	26,2%	23,6%
Arðsemi eigin fjár	37,5%	11,8%		12,7%	7,7%	(1,1%)
Vaxtamunur	2,1%	2,7%		2,8%	2,2%	2,0%
Virðisrýrnun útlána sem hlutfall af útlánnum	1,5%	3,1%		2,2%	4,1%	1,9%
Rekstrarkostnaður af hreinum rekstrartekjum	23,3%	37,1%		43,9%	42,9%	45,6%
Innlánsaukning	10,2%	9,7%		2,6%	(1,6%)	13,5%
Útlánsaukning	3,5%	11,2%		6,8%	11,8%	(21,7%)
Meðalstöðugildi	14	15		15	15	16

Árshlutauppgjör Sparisjóðs Bolungarvíkur er nú í fyrsta sinn byggt á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Við innleiðingu staðlanna hækkaði eigið fé sjóðsins um 114 millj. kr. nánar er fjallað er um áhrif af innleiðingu staðlanna hér á eftir. Samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2006 hefur verið breytt til samræmis við nýjar reikningsskilareglur.

Hagnaður sparisjóðsins nam 230 millj. kr. á fyrri árshelmingi ársins 2007, samanborið við 62 millj. kr. hagnað á fyrri árshelmingi 2006.

Helstu niðurstöður úr rekstri og efnahag.

- Hagnaður sparisjóðsins nam 230 millj. kr. á tímabilinu samanborið við 62 millj. kr. hagnað á sama tímabili á árinu 2006.
- Arðsemi eigin fjár var 37,5% samanborið við 11,8% arðsemi á sama tímabili á árinu 2006.
- Hreinar vaxtatekjur lækka um 24 millj. kr. frá fyrra ári og nema nú 59 millj. kr.
- Hreinar rekstrartekjur námu 395 millj. kr. og hækka um 193 millj. kr. frá fyrra ári.
- Rekstrarkostnaður á tímabilinu nemur 92 millj. kr. og hækkar um 15 millj. kr. frá fyrra ári.
- Virðisrýrnun útlána nam 26 millj. kr. og lækkar um 27 millj. kr. frá fyrra ári.
- Heildareignir námu 7.039 millj. kr. og hafa aukist um 4,6% frá árslokum 2006.
- Útlán til viðskiptamanna námu 3.502 millj. kr. og hafa aukist um 1,5% á árinu.
- Innlán námu 3.486 millj. kr. og jukust um 10,2% á tímabilinu.
- Eigið fé nam 1.464 millj. kr. í lok tímabilsins og eykst um 16% á tímabilinu.
- Eiginfjárhlutfall sjóðsins í lok júní var 20,7% en það var 24,3% í árslok 2006.

Rekstur Sparisjóðs Bolungarvíkur gekk vel fyrstu 6 mánuði ársins og er hagnaðurinn umfram áætlanir. Sjóðurinn skilaði 230 millj. kr. hagnaði á tímabilinu, en umtalsverð hækkun varð á fjáreignum sjóðsins. Stjórnendur sparisjóðsins gera ráð fyrir að afkoma fyrir seinni hluta ársins verði góð þó svo ekki sé gert ráð fyrir sömu hækkunum á verðbréfum sjóðsins á seinni hluta ársins.

Áhrif af innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS)

Árshlutareikningur Sparisjóðs Bolungarvíkur er nú í fyrsta skipti gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Innleiðing þeirra leiðir til breytinga á bæði á mati eigna og skulda svo og framsetningu á rekstrar- og efnahagsreikningi sparisjóðsins.

Árshlutareikningur sparisjóðsins fyrir fyrri árshelming ársins 2007 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum með ársreikningi um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2006 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2006, þar sem breytingar taka gildi þann dag, sem einnig er nefndur innleiðingardagur. Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2006 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við íslensk lög og reikningsskilavenjur. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á sjóðstreymi sparisjóðsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við hvernig það var áður samkvæmt

íslenskum reikningsskilavenjum. Heildaráhrif yfirfærslunnar í alþjóðlega reikningsskilastaðla á eigið fé sjóðsins er að það hækkar um 114 m.kr.

Helstu breytingar á mat eigna og skulda við innleiðingu á IFRS í árslok 2006:

- Lántökugjöld tekjufærast/gjaldfærast á lánstímanum í stað þess að vera færð sem tekjur/gjöld á lántökudegi. Þar af leiðandi lækka vaxtatekjur og vaxtagjöld sparisjóðsins til skamms tíma, en langtímaáhrif verða óveruleg. Breyting á eigin fé vegna þessa er lækkun um 19 millj. kr.
- Í samræmi við IAS 39 hefur sparisjóðurinn framkvæmt virðisrýrnunarpróf á útlánunum og leiddi það til lækkunar á eigin fé um 31 m.kr. Samkvæmt IAS 39 ber sparisjóðnum að yfirfara öll útlán til að ganga úr skugga um hvort þar sé að gæta hlutlægra vísbendinga um virðisrýrnun sem áhrif hefur á vænt fjárstreymi af útlánum. Útlánið verður þá fært niður í núvirði vænts fjárstreymis.
- Vaxtafrysting útlána hefur verið hætt, en samkvæmt eldri reglum voru vextir af útlánunum þar sem vanskil voru eldri en þriggja mánaða ekki tekjufærðir. Þessi breyting hækkar eigið fé um 15 millj. kr.
- Sparisjóðurinn metur öll hlutabréf sín í óskráðum félögum á áætluðu gangvirði í stað kaupverðs eða markaðsverðs, ef það var áætlað lægra en kaupverðið. Þessar breytingar leiða til gengishagnaðar sem færast í rekstrarreikning. Eigið fé hækkar um 221 millj. kr. vegna hækkunar á óskráðum eignum metnum á gangvirði.
- Aðrar matsbreytingar lækka eigið fé um 48 millj.kr.
- Vegna framangreindra breytinga hækkar skattskuld sjóðsins um 25 millj. kr. og eigið fé lækkar um sömu fjárhæð.

Nánari grein er gerð fyrir breytingum á reikningsskilum sjóðsins í skýringum með árhlutareikningum.

Sparisjóður Bolungarvíkur

Nánari upplýsingar veitir
Ásgeir Sólbergsson sparisjóðsstjóri
sími 450 7100